

Héraðsdómur Reykjavíkur

Dómur 24. mars 2023

Mál nr. E-4146/2022:

Arnar Þór Ingólfsson og

(Vilhjálmur Hans Vilhjálmsson lögmaður)

Þórður Snær Júlíusson

(Vilhjálmur Hans Vilhjálmsson lögmaður)

gegn

Páli Vilhjálmssyni

(Sigurður G. Guðjónsson lögmaður)

Dómur

- Mál þetta, sem tekið var til dóms 27. febrúar 2023, höfðu Arnar Þór Ingólfsson, [...], og Þórður Snær Júlíusson, [...], með stefnu birtri 6. september 2022, gegn Páli Vilhjálmssyni, [...], til ómerkingar á ummælum og greiðslu miskabóta.
- Stefnendur gera hvor um sig þá dómkröfu að eftirfarandi ummæli, sem stefndi viðhafði og birti á bloggsvæðinu pallvil.blog.is, Tilfallandi athugasemdir, annars vegar 2. apríl 2022 og hins vegar 21. ágúst 2022, verði dæmd dauð og ómerk:
 - Arnar Þór Ingólfsson og Þórður Snær Júlíusson, blaðamenn á Kjarnanum, ... eiga aðild, beina eða óbeina, að byrlun Páls skipstjóra Steingrímssonar og stuldi á síma hans.
 - Saksóknari mun gefa út ákæru á hendur blaðamönnum RSK-miðla, líklega í september.Þá gera stefnendur einnig, hvor um sig, þá kröfu að stefndi verði dæmdur til þess að greiða hvorum stefnanda um sig miskabætur að fjárhæð 1.500.000 krónur, með dráttarvöxtum samkvæmt 1. mgr. 6. gr. laga nr. 38/2001 frá 20. október 2022 til greiðsludags. Loks er þess krafist að stefndi verði dæmdur til að greiða stefnendum hvorum um sig málskostnað að mati dómsins, að teknu tilliti til virðisaukaskatts.
- Stefndi krefst sýknu af öllum kröfum stefnenda og að stefnendur verði in solidum dæmdir til að greiða honum málskostnað, að teknu tilliti til virðisaukaskatts.

Málsatvik

- 4 Stefnendur eru blaðamenn. Samkvæmt stefnu eiga þeir langan og flekklausan feril að baki. Þá eru þeir ekki með sakaferil og hefur aldrei verið stefnt fyrir dóm fyrir ærumeiðingar eða friðhelgisbrot samkvæmt því sem í stefnu greinir. Stefndi er að eigin sögn menntaður blaðamaður frá Bandaríkjunum og Noregi. Hann kveðst vera blaðamaður þótt hann kjósi að standa utan Blaðamannafélags Íslands og sé þar af leiðandi ekki bundinn af innri reglum þess félags.
- 5 Að sögn stefnenda hefur stefndi frá miðjum nóvember 2021 skrifað á bloggsvæði sitt, pallvil.blog.is, um samsæriskenningu þess efnis að nafngreindir starfsmenn RÚV (Ríkisútvarpsins), Kjarnans og Stundarinnar, þ.á m. stefnendur, hafi skipulagt að eittra fyrir Páli Steingrímssyni, skipstjóra hjá Samherja, og ráðið verktaka til þess að stela síma Páls á meðan hann lá á sjúkrahúsi eftir eitrunina og í framhaldi af því hagnýtt sér innihald símans til þess að skrifa fréttir um Samherja. Stefndi hafi jafnframt komið þessari samsæriskenningu á framfæri í öðrum miðlum, svo sem Dagmálum á mbl.is 15. nóvember 2021 og í Bítinu á Bylgjunni 16. febrúar 2022.
- 6 Stefnendur segja að eftir því sem næst verði komist hafi stefndi fyrst viðráð samsæriskenningu þessa í færslu á bloggsvæði sínu 13. nóvember 2021, sem bar yfirskriftina *Heiður RÚV og glæpurinn gegn Páli skipstjóra*. Frá 14. nóvember 2021 til 31. mars 2022 hafi hann skrifað 20 færslur til viðbótar á bloggsvæði sitt, sem hafi á einn eða annan hátt fjallað um ofangreinda samsæriskenningu.
- 7 Stefnendur segjast lengi hafa látið skrif stefnda yfir sig ganga, þar sem þeir hafi ekki viljað veita stefnda, ranghugmyndum hans og samsæriskenningum vægi. Laugardaginn 2. apríl 2022 hafi hins vegar orðið kaflaskil, sem breytt hafi þeirri ákvörðun. Þann dag hafi stefndi birt svohljóðandi færslu um stefnendur á bloggsvæði sínu með fyrirsögninni *Blaðamenn verðlauna glæpi*:

Arnar Þór Ingólfsson og Þórður Snær Júlíusson, blaðamenn á Kjarnanum, ... eiga aðild, beina eða óbeina, að byrlun Páls skipstjóra Steingrímssonar og stuldi á síma hans.
- 8 Stefnendur telja að þessi ummæli stefnda feli í sér beina ásökun um refsiverða og siðferðislega ámælisverða háttsemi þeirra, sem varði við almenn hegningarlög nr. 19/1940. Ummælin séu fyrirvaralaus fullyrðing, staðhæfing um staðreynd, þess efnis að stefnendur hafi framið alvarlegan glæp, annað hvort sem aðalmenn eða hlutdeildarmenn í glæp annarra.
- 9 Að sögn stefnenda hefur stefndi áfram haldið samsæriskenningum sínum á lofti á bloggsvæði sínu. Frá 2. ágúst til 25. ágúst 2022 hafi hann skrifað og birt 17 færslur

þar sem ýjað hafi verið að því að stefnendur hafi framið glæp, til þess að afla fréttu, með því að stela eða láta stela síma Páls skipstjóra og byrja fyrir honum. Það hafi stefndi að því er virðist gert gegn betri vitund, því ekki verði betur séð en stefnda sé fullljóst hver það sé sem hafi tekið síma Páls skipstjóra og eftir atvikum eitruð fyrir honum, eins og stefndi hafi sjálfur tekið til orða í færslu á bloggsvæði sínu með fyrir-sögninni *RSK-miðlar og tilræðið við Pál skipstjóra* 13. ágúst 2022:

RSK-miðlar, RÚV, Stundin og Kjarninn, skipulögðu tilræði að heilsu og einkalífi Páls skipstjóra Steingrímssonar. Tilræðismaðurinn sjálfur var nákominn Páli. Hans biður ákæra um tilraun til manndráps.

10 Síðar í sömu færslu hafi stefndi fullyrt: *Að minnsta kosti fjórir blaðamenn eru með stöðu sakbornings vegna byrlunar- og gagnastulds.*

11 Daginn eftir hafi stefndi staðhæft á bloggsvæði sínu: *X er tilræðismaðurinn sem RSK-miðlar, RÚV, Stundin og Kjarninn, véluðu til að byrja og stela síma skipstjórans.*

12 Sunnudaginn 21. ágúst 2022 hafi stefndi birt færslu á bloggsvæði sínu þar sem hann hafi staðhæft eftirfarandi: *Saksóknari mun gefa út ákæru á hendur blaðamönnum RSK-miðla, líklega í september.* Stefndi hafi því ekki látið þar við sitja að staðhæfa að stefnendur hafi framið alvarleg lögbrot, heldur hafi hann líka fullyrt að stefnendur yrðu ákærðir fyrir þau brot.

13 Tveimur dögum síðar, 23. ágúst 2022, hafi stefndi fullyrt eftirfarandi á sama vettvangi:

Blaðamenn RÚV, Stundarinnar og Kjarnans, RSK-miðla, bíða ákæru vegna aðildar að alvarlegum afbrotum. Ákæru verða að líkindum birtar í september.

14 Daginn eftir, 24. ágúst 2022, hafi stefndi sagt að blaðamenn *RSK-miðla*, sem mun vera uppnefni stefnda og skammstöfun hans á fjölmiðlunum RÚV, Stundinni og Kjarnanum, þ.á m. stefnendur, hefðu misnotað alvarlega veika konu, nákomna Páli skipstjóra, og í samráði við konuna hafi atlagan verið skipulögð, skipstjóranum byrjað og síma hans stolið, allt samkvæmt handriti *RSK-miðla*.

15 Stefnda sé því ljóst hver eigi að hafa stolið síma Páls skipstjóra og eitruð fyrir honum, eins og stefndi hafi kosið að orða það. Það sé aðili nákominn Páli. Stefnda sé og hafi jafnframt verið ljóst frá fyrstu stundu að stefnendur liggi ekki undir grun um að eiga aðild að byrlun og stuldi á síma Páls skipstjóra. Engu að síður hafi stefndi kosið að fullyrða í færslu á bloggsvæði sínu 2. apríl 2022 að svo hafi verið. Í því felist staðhæfing þess efnis að stefnendur hafi gerst sekir um refsiverða og siðferðislega

ámælisverða háttsemi, sem stefndi viti eða megi vita að sé röng. Það séu ærumeiðingar, sem stefndi beri ábyrgð á að lögum.

- 16 Með kröfubréfi, dags. 19. apríl 2022, hafi stefnda verið boðið að ljúka málinu utan réttar með því að biðja stefnendur afsökunar skriflega og birta afsökunarbeiðnina á sama stað og ummælin birtust. Ekki hafi verið gerð krafa um greiðslu miskabóta, en áskilinn réttur til þess að hafa uppi ýrustru kröfur ef til málshöfðunar kæmi. Stefndi hafi svarað og óskað eftir 14 daga fresti til þess að leita lögfræðiráðgjafar. Sá frestur hafi verið samþykktur. Með tölvupósti 9. maí 2022 hafi stefndi hafnað kröfum stefnenda. Þeim sé því nauðugur sá kostur að höfða dómsmál þetta, til þess að verja æru sína og friðhelgi einkalífs síns.

Helstu málsástæður stefnenda

- 17 Stefndur byggja á því að ómerkja beri þau ummæli stefnda sem krafa þeirra lúti að. Meta verði fyrri ummælin í samhengi við fyrirsögn færslunnar þar sem þau birtust, *Blaðamenn verðlauna glæpi*, og önnur ummæli í færslunni, svo sem:

Það var framinn tvöfaldur glæpur, byrlun og gangastuldur ... að blaðamannastéttin verðlauni glæpaíðju ... Fyrirfram er sakleysi grunaðra glæpamanna ákveðið og látið eins og enginn glæpur hafi verið framinn - þótt fórnarlambið hafi verið við dauðans dyr á gjörgæslu.

- 18 Með sama hætti beri að horfa til fyrri og síðari færslna stefnda, sem hafi t.a.m. fullyrt eftirfarandi í færslu á bloggsvæði sínu 23. nóvember 2021:

RÚV skipulagði og stjórnaði atlögunni að Páli skipstjóra. Verktaki á vegum RÚV sá um framkvæmdina. Tæknimaður ríkisfjölmiðilsins afritaði gögnin úr snjallsíma Páls. Fréttamaður í samvinnu við yfirmann á RÚV deildi gögnunum á milli Stundarinnar og Kjarnans.

Og síðar í sömu færslu:

RÚV skipuleggur og framkvæmir glæpina. Kjarninn og Stundin sjá um að koma afrakstri afbrotanna í umferð.

- 19 Í samræmi við framangreint hafi stefndi staðhæft í fyrirsögn á blogg færslu 14. desember 2021 að Kjarninn og Stundin væru þjófsnautar í glæpnum gegn Páli skipstjóra.
- 20 Nokkrum vikum síðar, 6. febrúar 2022, hafi stefndi birt færslu með fyrirsögninni, *Verktaki RÚV í eitrun og gagnastuldi*. Í meginmáli færslunnar segi síðan:

Verktaki RÚV eittraði fyrir Páli Steingrímssyni skipstjóra hjá Samherja og stal síma skipstjórans ... Verktakinn kom símanum til RÚV-ara sem afrituðu gögn

úr tækinu og létu í hendur Stundarinnar og Kjarnans. Tilgangurinn var að koma höggi á Samherja.

Og síðar í sömu færslu:

En hver var verktakinn sem sá um að eittra og stela? Það hefur verið einhver nákominn skipstjóranum ...

- 21 Engu að síður hafi stefndi fullyrt 2. apríl 2022 að stefnendur ættu aðild, beina eða óbeina, að byrlun og stuldi á síma Páls skipstjóra. Sú fullyrðing sé í engu samræmi við fyrri staðhæfingar stefnda þess efnis að stefnendur væru þjófsmenntar sem hefðu birt stolin gögn svo notuð séu orð stefnda sjálfs. Stefndi hafi því verið í vondri trú þegar hann hafi viðhaft og birt hin umstefndu ummæli. Ummælin hafi því verið höfð frammi, borin út og dreift opinberlega gegn betri vitund stefnda, enda staðfesti skrif hans að hann hafi vitað hver grunaður hafi verið um að hafa byrjað og stolið síma Páls skipstjóra. Engu að síður hafi stefndi kosið að fullyrða að það hafi verið stefnendur.
- 22 Stefndi hafi áfram haldið samsæriskeningum sínum á lofti á bloggsvæði sínu, en þó í örlítið breyttri mynd, þar sem í stað þess að RÚV hafi eitt staðið að skipulagningu og framkvæmd atlögu að Páli skipstjóra og Kjarninn og Stundin verið þjófsmenntar, sem hafi birt stolin gögn, þá hafi Kjarninn og Stundin verið orðin beinir þátttakendur í skipulagningu og framkvæmd hins meinta tilræðis. Frá 2. ágúst til 25. ágúst 2022 hafi stefndi skrifað og birt 17 færslur þar sem hann hafi ýjað að því að stefnendur hefðu framið glæp til þess að afla fréttu, með því að stela eða láta stela síma Páls skipstjóra og byrja honum eitur.
- 23 Sunnudaginn 21. ágúst 2022 hafi stefndi birt færslu á bloggsvæði sínu þar sem hann hafi staðhæft að saksóknari myndi gefa út ákæru á hendur blaðamönnum *RSK-miðla*, líklega í september. Tveimur dögum síðar, 23. ágúst 2022, hafi hann fullyrt á sama vettvangi að ákæru vegna aðildar að alvarlegum afbrotum og að ákærurnar yrðu að líkindum birtar í september.
- 24 Fullyrðingar stefnda þess efnis að saksóknari myndi gefa út ákæru á hendur stefnendum beri að skoða í samhengi við hin umstefndu ummæli frá 2. apríl 2022 um refsiverða háttsemi stefnenda, en hér hafi stefndi gengið skrefinu lengra og staðhæft að stefnendur yrðu ákærðir. Hvaðan stefndi hafi þær upplýsingar liggi ekki fyrir. Engu að síður feli orð stefnda í sér fullyrðingu þess efnis að stefnendur verði ákærðir í sakamáli og þurfi að mæta fyrir dóm og svara til saka. Í því felist ásökun þess efnis

- að stefnendur hafi gerst sekir um refsiverða og siðferðislega ámælisverða háttsemi. Það sé ærumeiðandi aðdróttun sem varði við 235. gr. almennra hegningarlaga.
- 25 Stefnendur vísa til þess að það séu grundvallarmannréttindi í réttarríki að hver sá sem borinn sé sökum um refsiverða háttsemi skuli talinn saklaus uns sekt hans sé sönnuð að lögum. Þessi regla sé grundvallarregla í íslenskri réttarskipan, sbr. 2. mgr. 70. gr. stjórnarskrárinnar nr. 33/1944 og 2. mgr. 6. gr. mannréttinasáttmála Evrópu, sbr. lög nr. 62/1994. Það séu handhafar opinbers valds sem séu til þess bærir að annast rannsókn og saksókn í sakamálum og að gefa út ákærur. Það sé síðan hlutverk dómstóla að dæma um sekt eða sakleysi manna sem ákærðir hafa verið fyrir refsiverða háttsemi. Stefndi hafi kosið að svipta stefnendur þessum grundvallarmannréttindum og úthrópa þá sem brotamenn án þess að stefnendur hafi verið ákærðir, hvað þá heldur dæmdir fyrir refsiverða háttsemi.
- 26 Með hinum umstefndu ummælum hafi stefndi fullyrt að stefnendur hafi gerst sekir um refsiverða háttsemi sem varði við ákvæði almennra hegningarlaga nr. 19/1940, einkum 217. gr., 218. gr., 244. gr. og 252. gr. laganna, og varði allt að 16 ára fangelsi. Með ummælunum hafi stefndi staðhæft að stefnendur hafi framið refsiverð afbrot og gerst sekir um alvarlega líkamsárás og þjófnað/rán, með því að byrja manni eitur í þeim tilgangi að stela síma viðkomandi, svo og að þeir yrðu ákærðir fyrir brotin. Þá hafi stefndi staðhæft að afbrotin hafi verið skipulögð og framin í félagi við aðra, sem leiði til refsíþyngingar samkvæmt íslenskum lögum og auki þannig við alvarleika ásakana stefnda í garð stefnenda. Að mati stefnenda braut stefndi með þessu gegn siðareglum Bláðamannafélags Íslands eða sambærilegum reglum blaðamanna, skráðum og óskráðum, sbr. einkum 3. og 2. málslíð 4. gr. siðareglanna.
- 27 Stefnendur byggja á því að í hinum umstefndu ummælum felist áskanir um að þeir hafi gerst sekir um hegningarlagabrot og muni sæta ákæru, sem eigi sér enga stoð í raunveruleikanum. Stefnendur hafi ekki byrjað Páli skipstjóra eða stolið síma hans. Stefnendur hafi ekki komið að meintri skipulagningu á framangreindum brotum, hvað þá heldur að þeir hafi fengið einhvern til þess að drýgja brotin. Stefnendur hafi því hvorki átt beina né óbeina aðild að meintum refsiverðum brotum í garð Páls skipstjóra eða annarra. Ummæli stefnda séu því röng og til þess fallin að meiða æru stefnenda.
- 28 Stefnendur vísa til þess að stefndi beri sönnunarbyrði fyrir því að staðhæfing hans um lögbrot stefnenda sé rétt. Stefnda muni ekki takast sú sönnun enda séu ummæli

hans úr lausu lofti gripin. Engu breyti í þeim efnum þó að stefnendur hafi gefið skýrslu hjá lögreglu með réttarstöðu sakbornings vegna meintra brota gegn 228. gr. og 229. gr. almennra hegningarlaga (brot gegn friðhelgi einkalífs og heimildarlaus aðgangur á gögnum á tölvutæku formi), enda snúi hin umstefndu ummæli ekki að því, heldur að byrlun og stuldi á síma. Samkvæmt 4. mgr. 228. gr. og 2. mgr. 229. gr. almennra hegningarlaga eigi ákvæði 1.–3. mgr. 228. gr. og 1. mgr. 229. gr. sömu laga ekki við þegar háttsemin telst réttlæt看leg með vísan til almanna- eða einkahagsmuna. Í því felist að blaðamönnum sé almennt tryggt refsileysi við brotum á 228. gr. og 229. gr. almennra hegningarlaga. Það eigi stefndi að vita.

- 29 Byggja stefnendur á því að hin umstefndu ummæli feli í sér ásökun um refsiverða og siðferðislega ámælisverða háttsemi. Ummæli stefnda séu ærumeiðandi aðdróttanir og feli í sér brot gegn 235. gr. og 236. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940. Því beri að ómerkja ummælin með vísan til 1. mgr. 241. gr. sömu laga. Hin umstefndu ummæli séu ósönn, óviðurkvæmileg, tilhæfulaus og smekklaus og til þess fallin að svarta stefnendur. Hagsmunir stefnenda af því að fá ummælin dæmd dauð og ómerk séu því miklir.
- 30 Stefnendur byggja á því að þeir hafi starfað lengi sem blaðamenn við góðan orðstír. Hafi þeir sem blaðamenn lagt sig fram um að haga störfum sínum í samræmi við lög og siðareglur blaðamanna. Stefnendur byggja á því að stefndi hafi vegið með alvarlegum hætti að starfsheiðri þeirra með hinum umstefndu ummælum, birtingu og dreifingu. Með því hafi stefndi framið ólögsmæta meingerð gagnvart stefnendum, sem hann beri skaðabótaábyrgð á. Það sé ljóst að virðing stefnenda hafi beðið hnekki, sem og æra þeirra og persóna.
- 31 Stefnendur vísa til þess að réttur þeirra til æruverndar og friðhelgi einkalífs njóti verndar 71. gr. stjórnarskrárinnar, 8. gr. mannréttindasáttmála Evrópu, sbr. lög nr. 62/1994, og XXV. kafla almennra hegningarlaga nr. 19/1940. Stefnendur eigi því rétt á miskabótum úr hendi stefnda. Á bloggsvæði stefnda séu upplýsingar um heimsóknir og flettingar. Af þeim megi draga þá ályktun að um það bil 2.500 manns skoði blogg stefnda á hverjum sólarhring og um það bil 18.000 í hverri viku. Þá sé flestum bloggfærslum stefnda dreift á vefsíðunni Fréttin.is, sem sé skráður fjölmiðill samkvæmt vefsvæði Fjölmiðlanefndar. Það sé því ljóst að fjöldi fólks hafi séð hin umstefndu ummæli og beri að horfa til þess við ákvörðun miskabóta. Við ákvörðun miskabóta beri jafnframt að taka mið af skýrum og einbeittum vilja stefnda til þess

að valda stefnendum tjóni, en eftir að stefnda hafi borist kröfubréf stefnenda, dags. 19. apríl 2022, hafi hann haldið áfram með áþekkum hætti auk þess að fullyrða að stefnendur yrðu ákærðir.

- 32 Stefnendur telja að miski hvors þeirra um sig vegna ummæla stefndu sé hæfilega metinn 1.500.000 krónur. Kröfur þeirra þar að lútandi séu byggðar á 26. gr. skaðabótalaga nr. 50/1993, enda sé um að ræða skýr og ótvíræð brot á réttarreglum, sem ætlað sé að vernda æru og friðhelgi einkalífs stefnenda, sbr. 229. gr., 235. gr. og 236. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940. Rétt sé að halda til haga að birting og dreifing ærumeiðandi ummæla sé sjálfstætt brot samkvæmt 2. mgr. 236. gr. almennra hegningarlaga.
- 33 Hvað varðar kröfu um dráttarvexti á miskabótakröfu er vísað til IV. kafla laga nr. 38/2001 um vexti og verðtryggingu. Krafa um dráttarvexti byggir á 1. mgr. 6. gr. laga nr. 38/2001, sbr. 9. gr. sömu laga, þar sem segi að skaðabótakröfur beri dráttarvexti þegar liðinn sé mánuður frá þeim degi sem kröfuhafi lagði fram upplýsingar til að meta tjón og fjárhæð bóta. Í því tilviki sem hér um ræði sé miðað við þann dag þegar mánuður hafi verið liðinn frá þingfestingu stefnu í málinu, 20. september 2022, en ekki hafi verið gerð krafa um miskabætur í kröfubréfi stefnenda til stefnda, dags. 19. apríl 2022. Upphafsdagur dráttarvaxta sé því 20. október 2022, en þá hafi verið liðinn mánuður frá þingfestingu málsins.

Helstu málsástæður stefnda

- 34 Stefndi kveðst vera menntaður blaðamaður frá Bandaríkjunum og Noregi. Hann hafi starfað við og verið í forsvari fyrir prentmiðla, en sé blaðamaður, þótt hann kjósi að standa utan Blaðamannafélags Íslands. Stefndi sé því ekki bundinn af innri reglum þess félags og þurfi við skrif sín ekki að horfa til þeirra, ekki frekar en til siðareglna annarra frjálsra félagasamtaka.
- 35 Stefndi kveðst í um 20 ár hafa tjáð sig á eigin bloggsíðu um þjóðfélagsmál, pallvil.blog.is. Bloggfærslur stefnda séu liðlega 14.000 og hafi hann í bloggfærslum sínum oft með óvægnum hætti tekið á málefnum líðandi stundar. Stefndi kveðst hafa fengið bæði lof og last fyrir færslur sínar. Engum sem sviðið hafi undan bloggfærslum stefnda, nema nafngreindum fréttamanni á RÚV og nú starfsmönnum Kjarnans, hafi dottið í hug að reyna að hefta með málsókn tjáningarfrelsi hans sem varið sé af 73. gr. stjórnarskrárinnar.

- 36 Stefnenda þyki málsóknin allrar athygli verð og nauðsynlegt að taka til varna, þar sem stefnendur séu blaðamenn Kjarnans vefmiðils, sem sé fjölmiðill í skilningi fjölmiðlalaaga nr. 38/2011, og stefnendur félagar í Blaðamannafélagi Íslands, sem gefi sig út fyrir að berjast fyrir tjáningarfrelsi. Stefnendur séu með málsókn þessari að berjast gegn tjáningarfrelsi einstaklings, á sama tíma og þeir telji sig standa í stafni sannleiksflæysins og geti í nafni tjáningarfrelsis og sem handhafar fjórða valdsins haldið til hafnar og höggvið mann og annan, líkt og Egill á Borg hafi talið eðlilegt forðum daga og ort um.
- 37 Stefnendur og félagar þeirra hjá RÚV og Stundinni telji tjáningarfrelsi sitt svo ríkt og stöðu þeirra í samfélaginu svo sérstaka að látið hafi verið á það reyna fyrir dómstólum í vetur sem leið hvort nafngreindur fyrrum starfsmaður RÚV en síðar starfsmaður á Stundinni, yrði yfirheyrður sem sakborningur í máli sem varði brot gegn Páli Steingrímssyni skipstjóra, sbr. úrskurð Landsréttar frá 16. mars 2022 í máli nr. 113/2022 og úrskurð Héraðsdóms Norðurlands eystra frá 28. febrúar 2022.
- 38 Framangreindir úrskurðir gefi nokkra vísbendingu um sakarefni það sem til meðferðar sé í refsivörslukerfinu á hendur stefnendum, auk nefnds blaðamanns á Stundinni, og ritstjóra Kveiks hjá Ríkisútvarpinu. Stefnendur séu með öðrum orðum sakborningar við rannsókn refsímáls. Stefnendur hafi ekki dregið dul á þessa réttarstöðu sína og mikil varnarvinna farið fram af þeirra hálfu og annarra blaðamann innan vébanda dómskerfis fjórða valdsins – fjölmiðla – sem eigi að sanna sakleysi þeirra. Í dómskerfi fjórða valdsins sé aldrei spurt um hlutleysi eða hæfi til dómstarfa.
- 39 Byggir stefndi á því að stefnendur hafi sjálfir svipt sig þeirri vernd sem lög um meðferð sakamála tryggi sakborningum og eins þeirri friðhelgi einkalífs sem 71. gr. stjórnarskrárinnar tryggi og setji tjáningarfrelsi samborgara þeirra mörk með löggjöf um æruvernd. Stefnendur hafi átt valið og kosið að standa berskjaldaðir á vígvelli hinnar óvægnu umræðu um mál sem þeir hafi ýtt úr vör.
- 40 Stefndi kveðst, með umfjöllun sinni um mál Páls Steingrímssonar skipstjóra og réttarstöðu stefnenda sem sakborninga, hvorki hafa vegið að friðhelgi einkalífs þeirra né meitt æru þeirra. Stefndi hafi aðeins í skrifum sínum um stefnendur látið í ljós skoðanir sínar og gert grein fyrir ályktunum sem hann hafi dregið af efni framan­greindra tveggja úrskurða dómstóla, fréttum og viðtölum, sem stefnendur og aðrir blaðamenn, sem hafa stöðu sakborninga vegna kæru Páls Steingrímssonar, hafi veitt.

- 41 Af stefnu og framlögðum gögnum megi ráða að stefnendur hafi þaullesið skrif stefnda og fundið tvö tilvik sem misbjóði þeim svo að þeir telji brýnt að leita á náðir dómstóla réttarríkisins til að fá uppreist æru sinnar áður en nokkuð liggi fyrir um sekt þeirra eða sakleysi. Málsóknin jaðri því við að fela í sér lögspurningu sem sé andstætt réttarfarslöggiöf. Dómara sé eftirlátið að meta hvort vísa eigi máli frá af sjálfsdáðum.
- 42 Stefndi byggir á því að skrif hans um stefnendur, sem öll eigi í raun rót að rekja til fréttaskrifa stefnenda og annarrar umfjöllunar tengda skæruliðadeild Samherja, feli í sér huglægt mat hans á staðreyndum sem komið hafi fram en ekki staðhæfingu um staðreyndir, eins og byggt sé á í stefnu.
- 43 Stefndi byggir á því að skrif hans um stefnendur og aðra blaðamenn sem hafa stöðu sakborninga við rannsókn á byrlun Páls Steingrímssonar, stuldi á farsíma Páls, afritun hans og birtingu fréttu byggðum á þessum stolnu gögnum séu gildisdómar sem njóti ríkrar verndar mannréttindaákvæða um tjáningarfrelsi, sbr. 73. gr. stjórnarskrárinnar og 10. gr. mannréttindasáttmála Evrópu, sbr. lög nr. 62/1994.
- 44 Stefndi bendir á að Mannréttindadómstóll Evrópu hafi í dómum á umliðnum árum skýrt hugtakið gildisdóma með rúmum hætti. Af dómaframkvæmd megi ráða að beitt sé rúmri skýringu á gildisdómum þegar orð séu látin falla sem liður í þjóðfélagslegri umræðu, eins og staðreyndin sé með öll skrif stefnda, hvort heldur sé um stefnendur eða aðra sem fengið hafi að finna til tevatnsins í pistlum hans.
- 45 Stefndi byggir á því að við mat á því hvort skrif hans um stefnendur feli í sér gildisdóma eða staðhæfingu um staðreynd verði að skoða atvik máls heildstætt og í samhengi við þá atburðarás sem sé eða hafi verið kveikja að skrifum hans.
- 46 Stefnendur hafi sem blaðamenn vitað eða mátt vita að fréttaskrif þeirra um skæruliðadeild Samherja myndu kalla á hörð viðbrögð af hálfu þess einstaklings sem var eigandi þeirra gagna sem fréttin byggði á og umfjöllun af hálfu annarra aðila. Stefnendur hafi ýtt undir enn frekari umræðu þegar þeir hafi lýst yfir sakleysi sínu og annarra starfsmanna Kjarnans varðandi atlöguna að Páli Steingrímssyni, stuld á síma hans og afritun og dreifingu gagna úr honum. Stefnendur, höfundar fréttar sem hafi byggst á stolnum gögnum, hafi því verið berskjaldaðir fyrir óvæginni og beittri umræðu þegar þeir hafi fengið réttarstöðu sakborninga. Þá beittu og óvægnu umræðu verði þeir að þola og geti ekki borið fyrir sig friðhelgi einkalífs samkvæmt 71. gr. stjórnarskrárinnar og æruverndarákvæði almennra hegningarlaga. Stefnendur séu gerendur en ekki þolendur þeirrar umræðu sem verið hafi um verklag þeirra og

vinnubrögð sem blaðamanna og beinst hafi að Páli Steingrímssyni og nokkrum öðrum nafngreindum aðilum. Stefnda sé frjálst að tjá sig um þau með þeim hætti sem hann hafi gert.

- 47 Með vísan til framangreinds beri að sýkna stefnda af kröfum um ómerkingu ummæla samkvæmt 1. og 2. tölulið í stefnu og þar með kröfu um miskabætur.
- 48 Stefndi byggir á því að fjárhæð bótakröfu sé út í hött og í engu samræmi við dómvenju í meiðyrðamálum. Stefndi mótmælir miskabótakröfunni svo og upphafstíma dráttarvaxta. Fari svo ólíklega að kröfur stefnenda um ómerkingu tvennra ummæla stefnda verði teknar til greina og stefnendur taldir eiga rétt á miskabótum beri að dæma dráttarvexti frá dómsuppsögudegi, eins og heimilt sé að lögum, sbr. seinni málslið 9. gr. laga nr. 38/2001 um vexti og verðtryggingu.

Niðurstaða

- 49 Í máli þessu vegast á annars vegar grundvallarréttindi stefnda til að tjá skoðanir sínar og sannfæringu, sem njóta verndar samkvæmt 73. gr. stjórnarskrárinnar og 10. gr. mannréttindasáttmála Evrópu, sem hefur lagagildi hér á landi samkvæmt lögum nr. 62/1994, og hins vegar grundvallarréttur stefnenda til friðhelgi einkalífs og fjölskyldu, sem sömuleiðis nýtur verndar samkvæmt 71. gr. stjórnarskrárinnar og 8. gr. mannréttindasáttmála Evrópu. Hér er um jafnréttá sjónarmið og réttindi að ræða, sem skarast að mörgu leyti.
- 50 Allir eru frjálsir skoðana sinna og sannfæringar, sbr. 1. mgr. 73. gr. stjórnarskrárinnar. Hver maður á þannig rétt á að láta í ljós hugsanir sínar, en hann verður að geta ábyrgst þær fyrir dómi, sbr. 2. mgr. sömu greinar. Tjáningarfrelsið nýtur einnig verndar samkvæmt 10. gr. mannréttindasáttmála Evrópu, sbr. lög nr. 62/1994. Heimilt er að setja tjáningarfrelsinu skorður, m.a. vegna réttinda eða mannorðs annarra, en aðeins að því gefnu að (i) slíkar skorður séu nauðsynlegar og (ii) samrýmanlegar lýðræðishefðum, sbr. 3. mgr. 73. gr. stjórnarskrárinnar og 2. mgr. 10. gr. mannréttindasáttmálans.
- 51 Meginreglan samkvæmt 1. og 2. mgr. 73. gr. stjórnarskrárinnar og 1. mgr. 10. gr. mannréttindasáttmála Evrópu, sbr. lög nr. 62/1994, er samkvæmt þessu tjáningarfrelsi. Öll frávik frá þeirri meginreglu ber samkvæmt hefðbundnum lögskýringarviðhorfum að skýra þröngt, auk þess sem rökstyðja skal öll slík frávik með viðeigandi og fullnægjandi hætti.

- 52 Friðhelgi einkalífs og fjölskyldu er sömuleiðis meðal grundvallarréttinda borgara í lýðræðisríkjum, sem njóta verndar stjórnarskrár og mannréttindasáttmála, sbr. 1. mgr. 71 gr. stjórnarskrárinnar og 1. mgr. 8. gr. mannréttindasáttmála Evrópu, sbr. lög nr. 62/1994. Stjórnvöld skulu ekki ganga á þennan rétt, nema í algerum undantekningartilvikum og þá (i) aðeins með sérstakri lagaheimild, svo sem (ii) ef brýna nauðsyn ber til vegna réttinda annarra, sbr. 3. mgr. 71. gr. stjórnarskrárinnar og 2. mgr. 8. gr. sáttmálans.
- 53 Æra manna, þ.m.t. mannorð, er að nokkru leyti varin af ákvæði 71. gr. stjórnarskrárinnar, en á sama tíma er ljóst að tjáning, þar sem veist er að æru manna, nýtur almennt verndar samkvæmt 1. og 2. mgr. 73. gr. stjórnarskrárinnar, sbr. 1. mgr. 10. gr. mannréttindasáttmála Evrópu, sbr. lög nr. 62/1994, og verður því ekki takmörkuð nema að uppfylltum skilyrðum 3. mgr. 73. gr. stjórnarskrárinnar og 2. mgr. 10. gr. sáttmálans.
- 54 Stefnendur reisa mál sitt á því að framangreind ummæli feli í sér brot gegn 235. og 236. gr. almennra hegningarlaga, sbr. 1. mgr. 241. gr. sömu laga. Samkvæmt 235. gr. laganna varðar það sektum eða fangelsi allt að einu ári ef maður dróttar að öðrum manni einhverju því sem verða myndi virðingu hans til hnekkis eða ber slíka aðdróttun út. Samkvæmt 236. gr. laganna varðar það fangelsi allt að tveimur árum sé ærumeiðandi aðdróttun höfð í frammi eða borin út gegn betri vitund.
- 55 Löggjafinn hefur samkvæmt framansögðu ákveðið með lögum að nauðsynlegt sé, við ákveðnar aðstæður, að setja tjáningarfrelsi manna ákveðnar skorður, svo sem vegna réttinda og mannorðs annarra, í skilningi 3. mgr. 73. gr. stjórnarskrárinnar og 2. mgr. 10. gr. mannréttindasáttmála Evrópu. Á sama hátt hefur löggjafinn ákveðið að mæla fyrir um takmörkun á friðhelgi einkalífs og fjölskyldu manna vegna réttinda annarra, þ.e. vegna tjáningarfrelsis annarra, sbr. 1. og 2. mgr. 73. gr. stjórnarskrárinnar og 1. mgr. 10. gr. mannréttindasáttmálans. Í því felst það mat löggjafans að brýna nauðsyn beri til slíkrar takmörkunar.
- 56 Við mat á því hvort sú takmörkun á tjáningarfrelsi manna, sem felst í 1. mgr. 71. gr. stjórnarskrárinnar og 1. mgr. 8. gr. mannréttindasáttmála Evrópu, sbr. lög nr. 62/1994, svo og 235. og 236. gr. almennra hegningarlaga, samrýmist lýðræðishefðum, ber að líta til þess hvort takmörkun tjáningar verði réttlætt með vísan til brýnna hagsmuna annarra og hvort takmörkunin sé hófleg, viðeigandi og nægileg, miðað við

markmiðin sem stefnt er að. Takmörkun tjáningar má samkvæmt þessu ekki ganga lengra en nauðsynlegt er til að ná fram því markmiði sem að er stefnt.

57 Við mat á því hvort tiltekin takmörkun tjáningarfrelsis sé nauðsynleg í lýðræðislegu þjóðfélagi, sbr. 3. mgr. 73. gr. stjórnarskrárinnar og 2. mgr. 10. gr. mannréttinda-sáttmála Evrópu, hefur í dómaframkvæmd verið litið til ákveðinna viðmiða sem lögð eru til grundvallar við matið. *Í fyrsta lagi* er það meginregla að ekki verður refsað fyrir sönn ummæli en ósannaðar ærumeiðingar kunna að varða ábyrgð. *Í öðru lagi* hefur verið greint á milli staðhæfinga um staðreyndir annars vegar, sem ekki gefa svigrúm til huglægs mats, og gildisdóma hins vegar, sem fela í sér skoðun eða álit viðkomandi. Staðhæfingar um staðreyndir þarf almennt að sanna, en gildisdóma ekki. Sönnunarbyrði um að tiltekin staðhæfing sé sönn hvílir á þeim sem hana setti fram. Þær lágmarkskröfur verður að gera til gildisdóma í þessu samhengi (1) að þeir eigi sér stoð í fyrirliggjandi staðreyndum, (2) að þeir séu settir fram í góðri trú og (3) að þeir séu ekki of meiðandi eða móðgandi. *Í þriðja lagi* getur staðhæfing um staðreyndir verið réttlætanager, jafnvel þótt hún hafi ekki verið sönnuð, ef hún hefur verið sett fram í góðri trú. *Í fjórða lagi* er talið að í sumum tilvikum sé talið réttlætanager að beita rýmkuðu tjáningarfrelsi, svo sem þegar tjáningin er talin vera framlag til umræðu sem varðar almenning (t.d. hluti af þjóðfélagsumræðu) eða þegar um opinbera (þekkta) persónu er að ræða. *Í fimmta lagi* kann útbreiðsla ummæla að hafa þýðingu, þ.m.t. það hver það er sem breiðir út ummæli. Það hefur t.a.m. verið talin meginregla, að virtu mikilvægi fjölmiðla í samfélagsumræðu og með hliðsjón af hagsmunum almennings, að fjölmiðlamenn verði einungis dregnir til ábyrgðar í undantekningartilvikum vegna dreifingar á fullyrðingum annarra, ef þær fullyrðingar þykja eiga erindi til almennings. Fjölmiðlum ber þó eigi að síður skylda til að leitast við að sannreyna staðhæfingar um staðreyndir sem eru ærumeiðandi fyrir einstaklinga, auk þess sem áskilið er að þeir séu í góðri trú í viðleitni sinni við að veita réttar og áreiðanlegar upplýsingar, í samræmi við siðareglur sem gilda um blaðamennsku.

58 Sé það mat dómstóla að tiltekin ummæli teljist vera framlag til þjóðfélagslegrar umræðu, þá hafa dómstólar haft nokkra tilhneigingu til að skilgreina hugtakið gildisdómur frekar rúmt, ekki hvað síst þegar opinberar persónur eiga í hlut. Er jafnframt litið svo á að ummæli skuli metin heildstætt og í samhengi við málsatvik að öðru leyti þegar afstaða er tekin til þess hvort um gildisdóm er að ræða eða staðhæfingu um

staðreynd. Þannig kunna ummæli, sem við fyrstu sýn virðast vera staðhæfing um staðreynd, að verða metin sem gildisdómur þegar þau eru metin heildstætt og í samhengi við önnur atvik málsins.

Um réttarvernd stefnenda o.fl.

- 59 Í máli þessu krefjast stefnendur sem fyrr segir ómerkingar tvennra tilgreindra ummæla sem stefndi lét falla á bloggsvæði sínu, pallvil.blog.is, annars vegar 2. apríl 2022 og hins vegar 21. ágúst sama ár. Eftir því sem fram kemur í greinargerð stefnda hefur hann í um 20 ár nýtt þá bloggsíðu til að tjá sig um þjóðfélagsmál. Ekki er um það deilt að stefndi er sá sem lét ummælin falla og að auki ábyrgðarmaður fyrrnefndrar bloggsíðu.
- 60 Aðilar eru jafnframt sammála um að bloggsvæði stefnda teljist ekki vera fjölmiðill í skilningi laga nr. 38/2011 um fjölmiðla, jafnvel þótt margir fylgist með skrifum hans þar. Af þeim ástæðum eiga sérstakar ábyrgðarreglur þeirra laga ekki við í málinu, heldur almennar reglur, sbr. eftir atvikum 235. gr., 236. gr. og 1. mgr. 241. gr. almennra hegningarlaga. Stefnendur benda þó á að stefndi hafi tjáð sig um það mál sem ummælin hafi tengst í fjölmiðlum. Þá sé bloggfærslum stefnda dreift á vefsíðunni Fréttin.is, sem sé skráður fjölmiðill.
- 61 Stefnendur eru sem fyrr segir blaðamenn og hafa lengi starfað sem slíkir. Hafa þeir samkvæmt stefnu átt flekklausan feril og aldrei gerst brotlegir við lög. Þá hefur þeim aldrei verið stefnt fyrir dóm fyrir ærumeiðingar eða friðhelgisbrot. Stefndi, sem segist vera menntaður blaðamaður frá Bandaríkjunum og Noregi, hefur starfað við og verið í forsvari fyrir prentmiðla. Hann kveðst vera blaðamaður þótt hann hafi kosið að standa utan Blaðamannafélags Íslands. Kveðst hann af þeim sökum óbundinn af siðareglum þess félags.
- 62 Þau ummæli sem um ræðir í máli þessu féllu í tengslum við verðlaun sem stefnendur hlutu, ásamt öðrum, vegna tiltekinnar umfjöllunar þeirra um samskipti nafngreindra starfsmanna, ráðgjafa og stjórnenda tiltekins fyrirtækis hér á landi. Hefur því verið haldið fram að upplýsinga, sem umfjöllunin byggði á, hafi verið aflað með ólögmatum hætti. Hefur sá þáttur málsins verið til rannsóknar hjá lögreglustjóranum á Norðurlandi eystra. Hafa stefnendur, ásamt fleiri blaðamönnum, haft stöðu sakbornings við þá rannsókn. Samkvæmt gögnum sem stefnendur hafa lagt fram í máli þessu beinist rannsóknin, hvað þá tvo varðar, að því hvort brotið hafi verið gegn 228.

- gr. og 229. gr. almennra hegningarlaga, en stefnendur hafna því að hafa gerst brotlegir við þær greinar eða önnur ákvæði þeirra laga.
- 63 Stefndi byggir mál sitt meðal annars á því að stefnendur hafi sjálfir svipt sig þeirri vernd sem lög um meðferð sakamála tryggi sakborningum, svo og friðhelgi einkalífs, sem 71. gr. stjórnarskrárinnar tryggi. Segir stefndi að stefnendur hafi vitað eða mátt vita að skrif þeirra um framangreint málefni myndu kalla á hörð viðbrögð eiganda þeirra gagna sem umfjöllunin var unnin upp úr og umfjöllun af hálfu annarra aðila. Stefnendur hafi einnig orðið berskjaldaðir fyrir óvæginni og beittri umræðu þegar þeir hafi fengið réttarstöðu sakbornings. Þá umræðu verði þeir að þola og geti ekki borið fyrir sig friðhelgi einkalífs samkvæmt 71. gr. stjórnarskrárinnar eða æruverndarákvæði almennra hegningarlaga. Stefnendur séu gerendur en ekki þolendur þeirrar umræðu.
- 64 Eins og að framan segir eru skrif stefnenda sem blaðamanna og staða þeirra sem sakborninga í áðurnefndri rannsókn rót þeirra ummæla sem hér um ræðir. Án þess að nokkur dómur sé lagður á réttmæti skrifa stefnenda, aðgerðir þeirra eða ummæli getur dómurinn ekki fallist á staðhæfingar stefnda um að stefnendur hafi með þeim svipt sig þeirri vernd sem lög um meðferð sakamála tryggi sakborningum, eða friðhelgi einkalífs síns, sbr. 71. gr. stjórnarskrárinnar og 8. gr. mannréttindasáttmála Evrópu.
- 65 Fjölmiðlar gegna veigamiklu hlutverki í lýðræðisþjóðfélagi. Ábyrgð þeirra er sömu leiðis rík. Mikilvægt er þar af leiðandi að vandað sé til verka og að vinnubrögð séu vönduð. Verk blaðamanna og fjölmiðla kunna jafnframt að mæta málefnalegri gagnrýni, rétt eins og verk annarra. Sú gagnrýni má þó ekki fara yfir mörk leyfilegrar tjáningar. Blaðamenn njóta auk þess, líkt og aðrir, réttarverndar sem einstaklingar og brýnt er að ekki sé gengið of nærri hagsmunum þeirra sem slíkra og rétti þeirra til friðhelgi einkalífs, sbr. 71. gr. stjórnarskrárinnar og 8. gr. mannréttindasáttmálans. Verður ekki fallist á að réttarvernd blaðamanna eigi að vera minni en annarra hvað þessi atriði varðar. Mátti stefnda, sem kveðst vera blaðamaður, vera þetta ljóst.
- 66 Á sama hátt njóta þeir sem fá réttarstöðu sakbornings við rannsókn sakamáls tiltekinna verndar, bæði almennt séð og sérstaklega við meðferð þess máls. Fer um réttarstöðu þeirra og réttindi bæði eftir skráðum og óskráðum reglum, þ.á m. 70. gr. stjórnarskrárinnar, 6. gr. mannréttindasáttmála Evrópu, sbr. lög nr. 62/1994, og ákvæðum laga nr. 88/2008 um meðferð sakamála. Um rétt þeirra til æruverndar og friðhelgi

einkalífs gilda almennar reglur, þ.á m. 71. gr. stjórnarskrárinnar, 8. gr. mannréttinda-sáttmálans og framangreind ákvæði almennra hegningarlaga.

- 67 Að því virtu verður ekki fallist á að stefnendur hafi verið sviptir þeim réttindum sem að framan greinir. Við mat á því hvort farið hafi verið yfir mörk leyfilegrar tjáningar eða hvort gengið hafi verið of nærri persónubundnum réttindum blaðamanna verður auk þess, með sama hætti og almennt er, að skoða og meta hvert og eitt tilvik. Geta þar ýmis sjónarmið komið til skoðunar, þ.m.t. hvort umrædd ummæli hafi verið hluti af þjóðfélagsumræðu og sem slík átt erindi við almenning, hvort þau hafi verið málefnaleg og ekki gengið lengra en tilefni var til o.s.frv. Verður einnig í því samhengi að fallast á það með stefnda að meta verði hvert mál með heildstæðum hætti og í samhengi við þá atburðarás sem umrædd tjáning er hluti af.
- 68 Stefndi byggir vörn sína á því að hann hafi hvorki vegið að friðhelgi einkalífs stefnenda né meitt æru þeirra. Má í því samhengi fallast á það með stefnda að þau ummæli sem málið varðar hafi verið látin falla í tengslum við opinbera þjóðfélagsumræðu, sem varðaði meðal annars meinta ábyrgð fjölmiðla og blaðamanna í tengslum við notkun og birtingu upplýsinga, sem þeim hafði borist en voru mögulega illa fengnar. Í dómaframkvæmd hafa slík atriði verið talin leiða til rýmkaðs tjáningarfrelsis, sbr. t.d. dóm Hæstaréttar frá 1. júní 2006 í máli nr. 541/2005. Það þýðir þó ekki að stefndi hafi mátt haga ummælum sínum með hverjum þeim hætti sem hann vildi. Á hinn bóginn verður fallist á það með stefnda að hann sé ekki bundinn af siðareglum Blaðamannafélags Íslands hvað tjáningu hans varðar, þar sem hann er ekki félagsmaður í því félagi.

Um ummæli stefnda 2. apríl 2022

- 69 Fyrri ummæli stefnda, sem krafist er ómerkingar á, viðhafði stefndi á bloggsvæði sínu, pallvill.blog.is, 2. apríl 2022. Af skrifum stefnda þann dag má ráða að tilefni ummælanna hafi verið verðlaun sem Blaðamannafélag Íslands hafði veitt stefnendum og fleirum vegna skrifa þeirra um framangreint málefni. Eftir að hafa bent á að umræddir blaðamenn væru sakborningar í lögreglurannsókn sagði stefndi í skrifum sínum:

Verðlaunin fengu þeir fyrir fréttir sem aflað var með glæpum, byrlun og gagnastuldi.

Sagði svo í næstu málsgrein:

Arnar Þór Ingólfsson og Þórður Snær Júlíusson, blaðamenn á Kjarnanum, ... eiga aðild, beina eða óbeina, að byrlun Páls skipstjóra Steingrímssonar og stuldi á síma hans.

Krafist er ómerkingar á þessum tilteknu ummælum. Nokkru síðar sagði í umfjöllun stefnda:

Það var framinn tvöfaldur glæpur, byrlun og gangastuldur. Afrakstur glæpsins birtist í Kjarnanum og Stundinni.

70 Þegar þau ummæli sem stefnendur krefjast ómerkingar á eru virt í samhengi við önnur ummæli stefnda í skrifum hans þennan dag, svo og skrif stefnda dagana, vikunnar og mánuðina þar á undan, er ljóst að stefndi var þeirrar skoðunar að framinn hefði verið glæpur í þeim skilningi að eiganda tiltekins síma, Páli Steingrímssyni skipstjóra, hefði verið byrjað og sími hans tekinn í framhaldi af því, gegn hans vilja. Síminn hafi innihaldið tiltekin gögn, sem stefnendur og fleiri hafi fengið í sínar hendur og hagnýtt sér við ritun greina er meðal annars hafi birst á Kjarnanum og í Stundinni. Fyrir þá umfjöllun hafi stefnendur og fleiri fengið umrædd verðlaun.

71 Stefndi gekk þó að mati dómsins lengra en hann hafði áður gert í ummælum sínum þann 2. apríl 2022 er hann fullyrti berum orðum að stefnendur hefðu átt beina eða óbeina aðild að byrlun Páls og stuldi á síma hans. Af fyrri skrifum stefnda, sem lögð hafa verið fram í máli þessu, verður ekki séð að hann hafi haldið slíku fram áður. Fyrirsögn á vefsvæði stefnda hinn 14. desember 2021 var þó svohljóðandi: *Kjarninn og Stundin þjófsnautar í glæpnum gegn Páli skipstjóra*. Þá kom fram í skrifum stefnda 1. janúar 2022, sem hann birti á bloggsvæði sínu, að *RSK-miðlarnir*, sem mun sem fyrr segir vera skammstöfun stefnda yfir RÚV, Stundina og Kjarnann, væru *til rannsóknar lögreglu vegna eitrunar Páls skipstjóra Steingrímssonar og þjófnaðar á snjallsíma*. Þann 26. sama mánaðar skrifaði stefndi:

Þrír fjölmiðlar RÚV, Kjarninn og Stundin eiga aðild að glæpnum, ýmist sem skipuleggjendur eða þjófsnautar. Fjölmiðlarnir þrír stunduðu samræmdar aðgerðir er fólu í sér eitrun, gagnastuld og birtingu á stolnum gögnum. Það liggur fyrir og þarf ekki lögreglurannsókn til. Lögreglurannsókn mun aftur sakbenda á einstaklinga er áttu í hlut. Þar verða blaðamenn afhjúpaðir sem afbrotamenn.

Þann 18. febrúar sama ár skrifaði stefndi á sama vettvangi að *þrír blaðamenn Kjarnans og Stundarinnar [væru] þjófsnautar, birtu stolin gögn frá Páli skipstjóra Steingrímssyni*. Tveim dögum síðar skrifaði stefndi sömuleiðis:

Fréttamenn RÚV, Stundarinnar og Kjarnans, RSK, eru á sakabekk vegna tilræðis að heilsu og einkalífi Páls skipstjóra Steingrímssonar. Eitrað var fyrir Páli og síma hans stolið. Kjarninn og Stundin fengu stolin einkagögn Páls og dreifðu um hann rógi og níði með frjálslægum útlekkingum.

- 72 Aðila greinir á um það hvort stefndi hafi með ummælum sínum um að stefnendur *eig[i] aðild, beina eða óbeina, að byrlun Páls skipstjóra Steingrímssonar og stuldi á síma hans* farið út fyrir mörk leyfilegrar tjáningar og þar með gengið of nærri hagsmunum stefnenda og réttindum þeirra til friðhelgi einkalífs, þ.m.t. hvort ummælin hafi verið réttlætunleg eins og á stóð. Stefndi hefur borið því við að hann hafi aðeins verið að lýsa skoðunum sínum. Hann hafi sömuleiðis verið í góðri trú og haft nokkuð til síns máls. Því hafna stefnendur alfarið. Í dómaframkvæmd hefur verið við það miðað að jafnvel þótt gengið hafi verið nærri persónulegum hagsmunum annars manns, eða friðhelgi einkalífs hans, geti slík tjáning verið heimil ef sá sem hana viðhefur getur sýnt fram á að hann hafi haft rétt fyrir sér eða í það minnsta verið í góðri trú um að hann hafi haft rétt fyrir sér.
- 73 Stefndur telja að ummæli stefnda um að þeir *eig[i] aðild, beina eða óbeina, að byrlun Páls skipstjóra Steingrímssonar og stuldi á síma hans* feli í sér fullyrðingu um að þeir hafi framið refsiverðan verknað. Telja þeir jafnframt að með þessum tilteknu ummælum hafi stefndi farið yfir mörk leyfilegrar tjáningar. Neituðu þeir því báðir í skýrslum sínum fyrir dómi við aðalmeðferð málsins að þeir hefðu átt nokkurn þátt í meintri byrlun eiganda símans eða að hafa tekið símann. Þeir hafi því hvorki átt beina né óbeina aðild að byrlun Páls né að töku símans. Fullyrðing stefnda þar að lútandi væri því röng og til þess fallin að meiða æru stefnenda.
- 74 Fallast má á það með stefnendum að verði talið sannað að eiganda þess síma sem um ræðir hafi verið byrjað kunni sú háttsemi eftir atvikum að varða við ákvæði almennra hegningarlaga, svo sem 217. gr. eða 218. gr. laganna. Á sama hátt kann taka símans eftir atvikum að varða við önnur ákvæði sömu laga, t.a.m. 244. gr. laganna ef um þjófnað er að ræða, eða önnur ákvæði XXVI. kafla laganna, sem ber yfirskriftina *Auðgunarbrot*, en þó því aðeins að um auðgunarásetning hafi verið að ræða, sbr. 243. gr. sömu laga. Þá kunna ákvæði XXVII. kafla laganna, sem ber yfirskriftina *Ýmis brot, er varða fjárréttindi* að koma til skoðunar í þessu samhengi. Getur taka símans ein og sér varðað við ákvæði laga jafnvel þótt ekki verði talið að um byrlun hafi verið að ræða.

- 75 Af gögnum, sem stefnendur hafa lagt fram í máli þessu, má ráða að þeir séu undir grun um að hafa brotið gegn 228. gr. og 229. gr. almennra hegningarlaga, sem finna má í XXV. kafla laganna, sem ber yfirskriftina *Ærumeiðingar og brot gegn friðhelgi einkalífs*. Af gögnum málsins verður hins vegar ekki séð að stefnendur liggi undir grun um aðild að öðrum brotum, þ.m.t. meintri byrlun eða töku á síma. Staðhæfing stefnda um að stefnendur hafi átt *aðild, beina eða óbeina, að byrlun Páls skipstjóra Steingrímssonar og stuldi á síma hans* á sér samkvæmt því enga stoð í gögnum málsins. Stefndi ber sönnunarbyrði fyrir því að þessi staðhæfing hans sé rétt. Hefur honum ekki tekist slík sönnun og verður hann að bera halla af því.
- 76 Að því virtu, með hliðsjón af gögnum þessa máls og með vísan til 2. mgr. 70. gr. stjórnarskrárinnar og 2. mgr. 6. gr. mannréttindasáttmála Evrópu, sbr. lög nr. 62/1994, verður lagt til grundvallar dómi í þessu máli að ósannað sé að stefnendur hafi átt beina eða óbeina aðild að byrlun eiganda nefnds síma eða að hvarfi símans. Þá verður sömuleiðis lagt til grundvallar dómi að ósannað sé að stefnendur liggi undir grun um slíkt athæfi, svo og að þeir hafi réttarstöðu sakbornings vegna þess að þeir liggi undir slíkum grun, enda er það í andstöðu við gögn málsins, eins og áður segir. Verður samkvæmt framansögðu ekki séð að áðurnefnd staðhæfing stefnda, sem krafist er ómerkingar á, eigi sér nokkra stoð í staðreyndum málsins eins og þær birtast í þeim gögnum sem lögð hafa verið fyrir dóminn.
- 77 Að mati dómsins ber að virða framangreinda fullyrðingu stefnda sem staðhæfingu um staðreynd, jafnvel þótt ummælin hafi fallið sem hluti af þjóðfélagsumræðu, enda gerði stefndi engan fyrirvara um sannleiksgildi staðhæfingar sinnar er hann fullyrti að stefnendur ættu beina eða óbeina aðild að byrlun Páls og stuldi á síma hans. Stefndi verður að bera halla af því að hafa hagað ummælum sínum með þeim hætti, fremur en sem gildisdómi, sbr. dóm Hæstaréttar frá 21. mars 2002 í máli nr. 306/2001. Eins og atvikum málsins er háttað gildir þó einu að mati dómsins hvort ummæli stefnda verði túlkuð sem staðhæfing um staðreynd eða sem gildisdómur, þar sem ekki verður séð, jafnvel þótt um gildisdóm væri að ræða, að hann ætti sér nokkra stoð í staðreyndum málsins, eins og áður segir.
- 78 Stefndi hefur í þessu sambandi vísað til úrskurðar Landsréttar frá 16. mars 2022 í máli nr. 113/2022. Ekki verður séð að framangreind staðhæfing hans geti átt sér stoð í þeim úrskurði, enda kemur þar skýrt fram að þau brot sem rannsókn lögreglustjórans á Norðurlandi eystra lýtur að eru möguleg brot gegn 228. gr. og 229. gr. almennra

hegningarlaga, en ekki brot sem lúta að meintri byrlun eiganda símans eða töku símans. Verður samkvæmt því ekki séð að stefndi hafi getað verið í góðri trú um réttmæti fullyrðingar sinnar. Af síðari skrifum stefnda má hins vegar ráða að stefnda var ljóst að staðhæfing hans um aðild stefnenda, beina eða óbeina, að byrlun eiganda nefnds síma og töku símans fól í sér ásökun um að þeir hefðu átt aðild að refsiverðri háttsemi. Þá virðist hann sömuleiðis hafa hugmynd um hver sé grunaður um að hafa tekið símann.

79 Þann 2. ágúst 2022 skrifaði stefndi t.a.m. á bloggsvæði sitt:

Byrjað var fyrir Pál skipstjóra Steingrímssyni fyrir hálfu öðru ári. Á meðan hann lá á gjörgæslu var síma hans stolið. Hvorttveggja var gert að undirlagi RSK-miðla, þ.e. RÚV, Stundarinnar og Kjarnans.

Þann 13. ágúst 2022 skrifaði stefndi:

RSK-miðlar, ..., skipulögðu tilræði að heilsu og einkalífi Páls skipstjóra Steingrímssonar. Tilræðismaðurinn sjálfur var nákominn Páli. Hans bíður ákæra um tilraun til manndráps.

Degi síðar skrifaði stefndi:

X er tilræðismaðurinn sem RSK-miðlar, ..., véluðu til að byrja og stela síma skipstjórans.

Þann 17. sama mánaðar skrifaði stefndi:

Síma Páls skipstjóra var stolið 4. maí á síðasta ári eftir að eittrað var fyrir honum. Það er líkamsárás í skilningi laga.

Þann 20. sama mánaðar skrifaði stefndi:

Jú, RSK-miðlar standa höllum fæti. Blaðamenn á þessum miðlum eru sakborningar í lögreglurannsókn á alvarlegum glæp; líkamsárás með byrlun, stafrænt kynferðisofbeldi og gagnastuld.

Um ummæli stefnda 21. ágúst 2022

80 Síðari ummæli stefnda, sem krafist er ómerkingar á, viðhafði stefndi á bloggsvæði sínu, pallvill.blog.is, 21. ágúst 2022. Sagði hann þar:

Saksóknari mun gefa út ákæru á hendur blaðamönnum RSK-miðla, líklega í september.

Er krafist ómerkingar á þessum ummælum. Tveim dögum síðar, 23. sama mánaðar, skrifaði stefndi á bloggsvæði sínu:

Blaðamenn RÚV, Stundarinnar og Kjarnans, RSK-miðla, bíða ákæru vegna aðildar að alvarlegum afbrotum. Ákæru verða að líkindum birtar í september. Við birtingu verður ljóst hvaða blaðamaður er talinn hafa brotið gegn tilgreindum ákvæðum hegningarlaga. Fyrir dómstólum verður tekist á um sekt og sýknu.

81 Stefnendur eru ekki nafngreindir í þeim ummælum sem krafist er ómerkingar á. Af samhengi við annað sem stefndi hefur látið frá sér fara, bæði fyrir og eftir 21. ágúst 2022, má þó ráða að með tilvitnun sinni til blaðamanna RÚV, Stundarinnar og Kjarnans hafi stefndi átt við nafngreindan blaðamann á RÚV og nafngreindan blaðamann á Stundinni, svo og við stefnendur í máli þessu, sem þá voru blaðamenn á Kjarnanum.

82 Komu nöfn umræddra blaðamanna meðal annars fram í bloggskrifum stefnda tveimur og þremur dögum áður en hann lét hin umdeildu ummæli falla, 18. og 19. ágúst 2022. Þá fullyrti stefndi eftirfarandi í skrifum sínum þann 20. sama mánaðar, degi áður en hin umdeildu ummæli féllu:

RSK-miðlar standa höllum fæti. Blaðamenn á þessum miðlum eru sakborningar í lögreglurannsókn á alvarlegum glæp; líkamsárás með byrlun, stafrænt kynferðisofbeldi og gagnastuld.

83 Þegar ummæli stefnda þann 21. ágúst 2022, sem krafist er ómerkingar á, eru virt heildstætt og í samhengi við önnur ummæli hans dagana þar á undan er ljóst að þeim sem fylgdust með skrifum stefnda mátti vera það ljóst til hvers eða hverra hann væri að vísa með ummælum sínum þann 21. ágúst og að með þeim væri stefndi að gefa til kynna að þeir aðilar ættu aðild að byrlun eiganda símans og stuldi á gögnum úr símanum. Þá gátu lesendur stefnda sömuleiðis dregið þá ályktun af skrifum hans að búið væri að ákveða að gefa út ákæru á hendur umræddum aðilum vegna þess verknaðar.

84 Hefur stefndi raunar haldið áfram á sömu braut, í síðari skrifum sínum. Þann 6. janúar 2023 skrifaði hann t.a.m. á bloggsvæði sínu:

Fjórir blaðamenn RÚV, Stundarinnar og Kjarnans eru sakborningar og verða ákærðir fyrir misgjörðir gegn Páli og [...].

Eru umræddir blaðamenn jafnframt nafngreindir neðar í bloggfærslu stefnda, þ.á m. stefnendur í þessu máli. Þann 15. næsta mánaðar staðhæfði stefndi:

Þá varð ljóst að blaðamenn RÚV, Stundarinnar og Kjarnans stunda glæpi til að afla fréttu.

85 Þann dag skrifaði stefndi einnig á bloggsvæði sitt:

Fimm blaðamenn RÚV og Heimildarinnar, áður Stundin og Kjarninn, fá birta ákæru næstu tvær vikurnar vegna aðildar að að byrlun, gagnastuldi, stafrænu kynferðisofbeldi og broti á friðhelgi tveggja starfsmanna Samherja, ...

Áfram segir að aðstoðarsaksóknari lögreglunnar á Norðurlandi eystra hafi staðfest í viðtali við danskan blaðamann að ákæru yrðu birtar fyrir lok mánaðar. Eru þeir fjórir

blaðamenn sem stefndi hafði áður nafngreint í skrifum sínum nafngreindir sérstaklega í þessu samhengi, þ.á m. stefnendur þessa máls. Ekki verður þó séð að þessi fullyrðing stefnda eigi sér stöð í staðreyndum málsins.

- 86 Eins og áður segir hafa stefnendur málsins réttarstöðu sakbornings við tilgreinda rannsókn lögreglustjórans á Norðurlandi eystra. Lýtur rannsóknin hvað þá tvo varðar að mögulegum brotum gegn 228. gr. og 229. gr. almennra hegningarlaga. Með ummælum sínum, sem krafist er ómerkingar á, fullyrti stefndi sem fyrr segir að gefnar yrðu út ákærur gegn blaðamönnum *RSK-miðla* innan tiltekins tíma, en tilgreindi ekki sérstaklega fyrir hvaða brot. Stefnendur hafa eftir því sem fram er komið neitað sök og meðal annars vísað til ákvæða 4. mgr. 228. gr. og 2. mgr. 229. gr. almennra hegningarlaga, sem fela það í sér að ákvæði 1.–3. mgr. 228. gr. og 1. mgr. 229. gr. laganna eigi ekki við þegar háttsemi sé réttlæt看leg með vísan til almanna- eða einkahagsmuna.
- 87 Samkvæmt 145. gr. laga nr. 88/2008 um meðferð sakamála tekur ákærandi ákvörðun um framhald máls þegar hann hefur fengið gögn máls í hendur og gengið úr skugga um að rannsókn málsins sé lokið. Telji ákærandi það sem fram er komið ekki nægilegt eða líklegt til sakfellis lætur hann við svo búið standa en höfðar ella mál á hendur sakborningi með ákæru samkvæmt 152. gr. sömu laga, sbr. þó 146. gr. laganna. Það ræðst af ákvæðum laga nr. 88/2008 undir hvaða ákæranda ákvörðun um saksókn fellur, en ljóst er að ákvörðunarvald um það hvort af saksókn verður liggur hjá ákæruvaldinu en ekki hjá stefnda.
- 88 Óljóst er hvaðan stefndi hefur þær upplýsingar að gefnar verði út ákærur á hendur framangreindum blaðamönnum. Með ummælum sínum gaf hann hins vegar til kynna, með réttu eða röngu, að hann hefði upplýsingar þar að lútandi sem aðrir hefðu ekki. Þá mátti lesandi sem fyrr segir álykta, út frá skrifum stefnda, að búið væri að taka ákvörðun um útgáfu ákæru á hendur stefnendum og fleirum, sem ekki er raunin eftir því sem best verður séð. Staðhæfing stefnda á sér, hvað sem öðru líður, enga stöð í gögnum þessa máls. Þá er ljóst að ákærur voru ekki gefnar út í september 2022 eða febrúar 2023.
- 89 Eins og áður segir og eftir því sem best er vitað liggur ákvörðun um saksókn enn ekki fyrir, enda er rannsókn framangreinds máls ekki lokið, sbr. 145. gr. laga nr. 88/2008. Út frá gögnum þessa máls er ekki hægt að útiloka að ákæra verði gefin út að lokinni rannsókn lögreglustjórans á Norðurlandi eystra, en ákæruvaldið á sem fyrr segir

ákvörðunarvald þar um. Þar sem ekki liggur fyrir hvort ákæra verður gefin út, svo best sé vitað, er eðli máls samkvæmt jafnframt óljóst hver eða hverjir yrðu ákærðir, hvaða brot ákært yrði fyrir ef til þess kæmi o.s.frv. Á hinn bóginn má slá því föstu að leiði rannsóknin til þess að stefnendur þessa máls verði ákærðir getur það aðeins orðið á þeim forsendum að ákærvaldið telji það sem fram hafi komið við rannsókn málsins nægilegt eða líklegt til sakfellis í refsímáli, þ.e. vegna meintra refsiverðra brota þeirra, sbr. 145. gr. og 152. gr. laga nr. 88/2008.

- 90 Af framangreindu má ráða að eftirfarandi staðhæfing stefnda á bloggsvæði sínu 21. ágúst 2022, *Saksóknari mun gefa út ákæru á hendur blaðamönnum RSK-miðla, líklega í september*, felur í eðli sínu í sér staðhæfingu um að ákærvaldið telji forsendur til að gefa út ákæru, meðal annars á hendur stefnendum, þótt þeir séu ekki nafngreindir sérstaklega, vegna refsiverðra brota, sbr. 152. gr. laga nr. 88/2008. Felur staðhæfing stefnda samkvæmt því í sér aðdróttun um að stefnendur hafi gerst sekir um refsiverð brot, þótt ekki komi fram í staðhæfingu stefnda hvaða brot það séu, enda yrði ákæra annars ekki gefin út. Þá gáfu ummælin sömuleiðis til kynna, eins og áður segir, að stefndi byggi yfir upplýsingum sem aðrir búa ekki yfir.
- 91 Stefndi kaus að haga orðum sínum með þeim hætti sem að framan greinir. Staðhæfing hans um að gefin yrði út ákæra var án nokkurs fyrirvara. Að því virtu verður að líta svo á að hér sé um staðhæfingu um staðreynd að ræða, frekar en gildisdóm, en jafnvel þótt litið verði á staðhæfingu stefnda sem gildisdóm verður ekki séð að hún eigi sér viðhlítandi stoð í staðreyndagrunni. Verður stefndi sem fyrir að bera halla af því að hafi hagað orðum sínum með þessum hætti. Þá verður ekki séð, út frá gögnum málsins og með hliðsjón af framansögðu, að stefndi geti hafa verið í góðri trú um sannleiksgildi fullyrðingar sinnar, þrátt fyrir að staðhæfing hans hafi átt sér stoð í því að stefnendur njóti réttarstöðu sakbornings við framangreinda rannsókn, nánar tiltekið vegna meintra brota gegn 228. gr. og 229. gr. almennra hegningarlaga.

Um það hvort fallast beri á kröfur stefnenda

- 92 Að öllu framangreindu virtu, með hliðsjón af atvikum málsins og að teknu tilliti til alvarleika þeirra ávirðinga sem áður nefnd ummæli fela í sér gagnvart stefnendum, jafnt hugrænt sem hlutrænt séð, er ekki hægt að fallast á það með stefnda að þau ummæli sem krafist er ómerkingar á rúmist innan tjáningarfrelsis hans, sem varið er af ákvæðum 1. og 2. mgr. 73. gr. stjórnarskrárinnar og 1. mgr. 10. gr. mannréttinda-sáttmála Evrópu, sbr. lög nr. 62/1994.

- 93 Það er með öðrum orðum mat dómsins að hagsmunir stefnenda af því að vera lausir undan staðhæfingum stefnda um að gefin verði út ákæra á hendur þeim fyrir refsiverð brot, vegna aðildar að byrlun eiganda nefnds síma og stuldi á gögnum úr honum, séu mun ríkari en hagsmunir stefnda af því að fá að bendla þá við slík brot. Slík staðhæfing verður sömuleiðis ekki réttlætt með þeim hætti að hún hafi verið hluti af þjóðfélagsumræðu eða með því að stefnendur hafi sjálfir dregið að sér athygli með athöfnum sínum eða ummælum, jafnvel þótt játa verði stefnda rýmra svigrúm til tjáningar en annars hefði verið.
- 94 Samkvæmt 1. mgr. 241. gr. almennra hegningarlaga má í meiðyrðamáli dæma óviðurkvæmileg ummæli ómerk, ef sá krefst þess sem misgert var við. Stefnandi hefur í máli þessu krafist ómerkingar á tvennum ummælum, sem rakin hafa verið hér að framan.
- 95 Með vísan til þeirra röksemda sem raktar hafa verið hér að framan er það niðurstaða dómsins að stefndi hafi með greindum ummælum sínum farið út fyrir mörk leyfilegrar tjáningar, sem varin er af 1. og 2. mgr. 73. gr. stjórnarskrárinnar, sbr. og 1. mgr. 10. gr. mannréttindasáttmála Evrópu. Ummæli hans gangi að sama skapi of nærri hagsmunum stefnenda til friðhelgi einkalífs, sem varðir eru af 1. mgr. 71. gr. stjórnarskrárinnar og 1. mgr. 8. gr. mannréttindasáttmálans.
- 96 Það er með öðrum orðum mat dómsins að um ærumeiðandi aðdróttun hafi verið að ræða, sbr. 235. gr. almennra hegningarlaga, sem ekki hafi átt sér stað í staðreyndum málsins, þegar mið er tekið af gögnum þess. Ummælin hafi sömuleiðis gengið lengra en leyfilegt og nauðsynlegt var. Þá hafi aðdróttunin sömuleiðis verið höfð uppi og borin út og birt opinberlega gegn betri vitund, sbr. 236. gr. sömu laga. Af þeim ástæðum og með vísan til annars sem rakið er hér að framan séu uppfyllt skilyrði laga til þess að ummælin verði ómerkt með dómi, sbr. 1. mgr. 241. gr. almennra hegningarlaga. Verða ummælin því ómerkt.
- 97 Í málinu krefjast stefnendur þess að auki að stefndi verði dæmdur til að greiða þeim miskabætur samkvæmt b-lið 1. mgr. 26. mgr. skaðabótalaga. Byggir sú krafa á þeim forsendum að hann hafi með ummælum sínum framið ólögsmæta meingerð gagnvart stefnendum, sem stefndi beri skaðabótaábyrgð á, enda sé um að ræða ærumeiðandi aðdróttanir sem bæði séu rangar og bornar út og birtar opinberlega gegn betri vitund. Þessu mótmælir stefndi.

- 98 Í athugasemdum með frumvarpi til skaðabótalaga, er varð að lögum nr. 50/1993, segir að í skilyrðinu um ólögmæta meingerð samkvæmt b-lið 1. mgr. 26. gr. skaðabótalaga felist að um saknæma hegðun sé að ræða. Gáleysi þurfi þó að vera verulegt til að tjónsatvik yrði talið vera ólögmæt meingerð. Af dómafordæmum Hæstaréttar má ráða að lægsta stig gáleysis uppfylli ekki kröfu þessa ákvæðis um ólögmæta meingerð, sbr. til dæmis dóm Hæstaréttar Íslands frá 13. maí 2015 í máli nr. 678/2014.
- 99 Að mati dómsins fólst í framangreindum ummælum ólögmæt meingerð gegn æru stefnenda, sbr. b-lið 1. mgr. 26. gr. skaðabótalaga, en með ummælunum var að mati dómsins vegið að starfsheiðri þeirra. Mátti stefnda vera það ljóst. Verða ummælin sem fyrr segir ekki réttlætt með því að þau hafi verið hluti af þjóðfélagsumræðu, sem stefnendur hafi átt þátt í því að koma af stað, jafnvel þótt stefndi hafi haft rúmt svigrúm til tjáningar. Þá er til þess að líta í þessu samhengi að stefndi hefur sem fyrr segir haldið áfram að tjá sig með áþekkingum hætti og áður, á bloggsvæði sínu, þ.e. um umrædda lögreglurannsókn og ætlaðan hlut stefnenda í byrlun Páls Steingrímssonar og afritun og birtingu gagna úr síma hans, að því er virðist gegn betri vitund.
- 100 Að því virtu og með hliðsjón af útbreiðslu þeirra ummæla sem krafist er ómerkingar á verður að fallast á það með stefnendum að stefndi beri miskabótaábyrgð gagnvart þeim vegna nefndra ummæla, sbr. b-lið 1. mgr. 26. gr. skaðabótalaga. Þykir fjárhæð miskabóta til hvors stefnenda um sig hæfilega ákveðin 300.000 krónur. Rétt þykir að sú fjárhæð beri dráttarvexti frá 20. október 2022 til greiðsludags, í samræmi við kröfu stefnenda, sbr. 1. mgr. 6. gr., sbr. 9. gr., laga nr. 38/2001 um vexti og verðtryggingu, en þann 6. október 2022 var liðinn mánuður frá birtingu stefnu í málinu.
- 101 Með hliðsjón af úrslitum og atvikum málsins og með vísan til 1. mgr. 130. gr. laga nr. 91/1991 um meðferð einkamála þykir rétt að stefndi greiði stefnendum, hvorum um sig, 750.000 krónur í málskostnað. Hefur þá verið tekið tillit til skyldu þeirra til að greiða virðisaukaskatt af málflutningsþóknun lögmanns síns.
- 102 Af hálfu stefnenda flutti málið Vilhjálmur Hans Vilhjálmsson lögmaður.
- 103 Af hálfu stefnda flutti málið Sigurður G. Guðjónsson lögmaður.
- 104 Jóhannes Rúnar Jóhannsson héraðsdómari kveður upp dóm þennan.

Dómsorð:

Ómerkt eru ummæli stefnda, Páls Vilhjálmsssonar, sem hann viðhafði á bloggsvæði sínu, pallvil.blog.is, Tilfallandi athugasemdir, 2. apríl 2022: *Arnar Þór*

Ingólfsson og Þórður Snær Júlíusson, blaðamenn á Kjarnanum, ... eiga aðild, beina eða óbeina, að byrlun Páls skipstjóra Steingrímssonar og stuldi á síma hans.

Ómerkt eru ummæli stefnda, Páls Vilhjálmssonar, sem hann viðhafði á bloggsvæði sínu, pallvil.blog.is, Tilfallandi athugasemdir, 21. ágúst 2022: *Saksóknari mun gefa út ákæru á hendur blaðamönnum RSK-miðla, líklega í september.*

Stefndi greiði stefnendum, Arnari Þór Ingólfssyni og Þórði Snæ Júlíussyni, hvorum um sig, 300.000 krónur í miskabætur, með dráttarvöxtum samkvæmt 1. mgr. 6. gr., sbr. 9. gr., laga nr. 38/2001 um vexti og verðtryggingu frá 20. október 2022 til greiðsludags.

Stefndi greiði stefnendum, hvorum um sig, 750.000 krónur í málskostnað.

Jóhannes Rúnar Jóhannsson